

*Valgreinar*  
*2020 - 2021*



10. bekkur

Kæri nemandi

Viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að nemendur í 8.-10. bekk séu alls 24,6 klukkustundir á viku í skólanum og að hluti þeirra eiga að vera valgreinar. Á elsta stigi geta nemendur valið sér mismargar valgreinar eftir árgöngum og fjölda tíma í hverri valgrein.

Valgreinar eru ýmist 1 eða 2 klst.

**10. bekkur velur samtals 4 klukkustundir** og það verða að vera að

lágmarki 2 klst. í list- og verkgreinar, en þær eru merktar með 😊

broskalli.

Hér á eftir fer lýsing á þeim fjölbreyttu valgreinum sem Kársnesskóli býður upp á veturinn 2020-2021 og nú er það þitt að lesa vel og velja þær sem hæfa best áhugasviði þínu —

**ekki verður hægt að skipta um val eftir að kennsla hefst næsta haust.**

Valið getur verið vandasamt og við hvetjum þig til þess að ráðfæra þig við foreldra/forráðamenn og kennara. Í sumum valgreinum er hámarksfjöldi nemenda og færri komast að en vilja. **Þá getur valgrein**

**fallið niður ef ekki næst næg þátttaka.** Þess vegna er nauðsynlegt að allir nemendur setji fram óskir sínar um 2 valgreinar til vara.

Nemendur fá tölvupóst með tengil á valblað **föstudaginn 15. maí** og þar skrá þeir óskir sínar (s.s. rafrænt í gegnum tölvupóst) í síðasta lagi **þriðjudaginn 19. maí**. Eftir skiladag áskilur skólinn sér rétt til að setja nemendur í valgrein þar sem er laust pláss.

Hafið hugfast að engu minni kröfur eru gerðar um góða ástundun og virkni nemenda í valgreinum en skyldugreinum.

## METIÐ

Skv. lögum um grunnskóla er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla sem hluta af grunnskólanámi. Jafnframt má meta þátttöku í íþróttum eða skipulögðu félags- eða sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.

### **Ef nemandi stundar íþróttá-, list- og/eða æskulýðsstarf** og óskar eftir að slíkt sé

metið sem valgrein þarf hann:

- að velja metið á valblaði.
- að skila inn staðfestingu sem forráðamaður og kennari/þjálfari skrifa upp á strax í september 2020 (fæst hjá ritara og á heimasíðu).

### **Nám utan skóla er metið sem hér segir:**

Ein grein utan skóla: ein valgrein

Tvær greinar utan skóla: tvær valgreinar

### **Ekki er mögulegt:**

- að fá metið meira en helming af valgreinatíma.
- að fá nám utan skóla metið eftir að valgreinakennsla hefst.

## Allir með strætó

2 klst

Farið í strætó og allar stærstu tengistöðvar Strætó bs. kynntar fyrir nemendum.

**Markmið** eru að nemendur:

- kynnist vistvænum samgöngumáta sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið.
- fái innsýn í leiðarkerfi strætisvagna.
- öðlist skilning á uppbyggingu leiðakerfis höfuðborgarsvæðisins.

**Námsmat:** ástundun og verkefni um leiðakerfið.

Nemendur sem þegar hafa verið í þessari valgrein mega ekki velja hana aftur (nema þeir sem voru á vorönn 2020 og misstu úr nær allt valið).

## Auglýsingagerð



1 klst

Nemendur flokka auglýsingar eftir tegundum og læra að þekkja muninn á beinum og óbeinum auglýsingum. Farið verður í gerð auglýsinga, auglýsingar skoðaðar og auglýsingastofa jafnvel heimsótt. Þá fá nemendur að spreyta sig í gerð auglýsinga fyrir ýmis konar miðla og gera auglýsingaherferð.

**Markmið** eru að nemendur:

- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- fái tækifæri til að vinna að sínum hugmyndum.
- læri að fylgja ferlinu frá hugmynd til endanlegrar útfærslu.

**Námsmat:** ástundun, virkni og verkefni.

## Árbók

2 klst

Árbókin er persónuleg minningabók með myndum af öllum útskriftarnemendum Kársnesskóla (10. bekkingum) ásamt persónulegum texta frá þeim. Einnig eru myndir af umsjónarkennurum og ýmislegt fleira. Nemendur sjá alfarið um alla vinnu við öflun styrkja, skipulag, umbrot og uppsetningu á bókinni undir handleiðslu kennara.

Fréttastofan sér um að taka viðtöl við nemendur og starfsfólk og skrifa og gefa út fréttir af því sem hæst ber í skólasterfinu í hverjum mánuði.

**Markmið** eru að nemendur:

- öðlist þekkingu og skilning á útgáfu bókar og þekki flestar hliðar sem henni fylgir s.s. kostnaðaráætlun, auglýsingaöflun, mynd- og textavinnu og umbroti.
- læri að taka viðtöl og skrifa fréttir til útgáfu.
- geti tekið ábyrgð á eigin námsframvindu og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu við aðra.

**Námsmat** byggir á ástundun, virkni, samvinnu, sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námsframvindu.

Athugið, árbókarvinnan er skorpuvinna svo stundum koma vikur þar sem margir tímar fara í verkið og svo aðrar vikur sem tímarnir falla niður á móti hinum tímunum.

## Bakstur



2 klst

Nemendur læra að baka. Áhersla verður á að kynnst sem flestum þáttum baksturs, t.d. gerbakstur (brauðmeti og sætmeti), formkökur, kökur og tertur.

**Markmið** eru að nemendur:

- fari eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu.
- beiti helstu bakstursaðferðum og noti til þess ýmis mæli- og eldhúsahöld.
- geti sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og bakað ýmsa þjóðarrétti.

**Námsmat** byggir á ástundun, hvernig nemendur fylgja fyrirmælum, umgengni um kennslustofu, afrakstri og samvinnu.

Nemendur sem þegar hafa verið í þessari valgrein mega ekki velja hana aftur.



## Ég - um mig - frá mér - til mín

1 klst

Valgreinin byggir á að efla sjálfsmynd og meðvitund um sjálfan sig, með umræðum, markmiðasetningum og tilraunum á þeim.

- *Hvað gerir mig glaðan – stoltan?*
- *Hvernig manneskja vil ég vera?*
- *Í hverju er ég góður?*
- *Hvað er flott í fari annarra?*
- *Hverju tekur ég eftir þegar ég hitti fólk í fyrsta skipti?*
- *Get ég sagt skoðun mína án þess að óttast viðbrögð annarra?*
- *Hvernig bregst ég við skoðunum annarra?*

**Markmið** eru að nemendur:

- hugleiði og tjái hver hann er í augum sjálfs sín og annarra.
- geti útskýrt hvernig sjálfsmynd hans samfélaginu.
- geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og geti tekið ákvarðanir út frá þeim.
- rökstutt gildi jákvæðra viðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsmynd.

**Námsmat:** ástundun, virkni og verkefni.

## Eldað saman



2 klst

Rifjuð upp undirstöðuatriði við matreiðslu. Viðfangsefni eru fjölbreytt, m.a. eldað úr afgangum, grænmetis- og veganmatur og nemendur skoða næringu og eigin neyslu.

**Markmið** eru að nemendur:

- eldi fjölbreyttan og hollan mat.
- meti eigin neyslu.
- læri um næringargildi fæðu.

**Námsmat:** ástundun, virkni, umgengni um kennslustofu, verklegt próf.

Nemendur sem þegar hafa verið í þessari valgrein mega ekki velja hana aftur.

## Fjallgönguval

2 klst

Farið verður yfir nauðsynlegan búnað sem tengist fjallgöngu og útivist og gengið á 4 - 5 fjöll í nágrenninu. Fjallgönguvalið er fyrstu 6 – 8 vikurnar á haustönn og síðustu 6 – 8 vikurnar á vorönn.

**Markmið** eru að nemendur:

- skilji mikilvægi góðs útbúnaðar.
- sýni ábyrgð í útivist og fari eftir leiðarlýsingum.
- fylgi umgengnisreglum.

**Námsmat:** ástundun og markmið metin í hverri fjallgöngu.

## Fjarnám

3 klst

Nemendur í 10. bekk geta stundað fjarnám í ensku og stærðfræði í framhaldsskóla og fengið það metið sem valgrein.

Allar upplýsingar um fjarnám veitir

Ásthildur námsráðgjafi

[asth@kopavogur.is](mailto:asth@kopavogur.is)

## Frístund - Klúbbastarf

1 klst

Nemendur skipuleggja klúbbastarf fyrir 3. og 4. bekkinga undir leiðsögn kennara.

Klúbbastarf er hluti af Frístund þar sem hver klúbbur sérhæfir sig í ákveðnu viðfangsefni, s.s spilum, tónlist, tölvum og forritun, leiklist o.fl. .

**Markmið** eru að nemendur:

- skipuleggi starfsemi klúbbastarfs og sjái um klúbb út frá eigin skipulagi **undir leiðsögn kennara**
- finni verkefni við hæfi nemendahóps í klúbbastarfi
- noti fjölbreyttar leiðir til að nálgast nemendahóp í klúbbastarfi

**Námsmat:** ástundun, virkni, skipulag og framkvæmd klúbbastarfs.

Ath. Takmarkaður fjöldi kemst að í þetta val og tveir nemendur eru saman með hvern klúbb (að lágmarki).

**Hringadróttinsaga (e. Lord of the Rings)**  
**2 klst**

Nemendur lesa og horfa á Hringadróttinssögu og gera margs konar verkefni tengd sögunni. Greina mun á bók og mynd og segja frá í ritun. Einnig munum við reyna að nýta okkur spjaldtölvurnar til að skapa stuttmyndir.

**Markmið** eru að nemendur:

- lesi og horfi á Hringadróttinsögu (að hluta).
- skapi leikþætti/senur úr völdum köflum/atridum bókar og/eða myndar.
- læri að fylgja ferlinu frá hugmynd til endanlegrar útfærslu.

**Námsmat:** ástundun, virkni og verkefni.

## Hönnun og smíði



2 klst

Allskonar munir unnir úr tré. Samsetning og yfirborðsfrágangur. Útskurður í tré og rennismíði. Gerðar eru kröfur til sjálfstæðra vinnubragða og þurfa nemendur að leysa verkefni sem tengjast smíði. Lögð er áhersla á hönnun smíðishluta. Nemandi getur valið sér verkefni úr gagnabanka eða komið með eigin hugmynd að verkefni.

**Markmið** eru að nemendur:

- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- tileinki sér hæfni og verklega færni í smíðastofu.
- fái tækifæri til að vinna að sínum hugmyndum í margvíslegan efnivið.
- læri að fylgja ferlinu frá hugmynd til endanlegrar útfærslu.

**Námsmat:** ástundun, virkni og verkefni.

## Íþróttaval

2 klst

Áfanginn er ætlaður þeim sem hafa áhuga á íþróttum og hafa metnað til að bæta íþróttagetu sína. Kennslan er að mörgu leyti svipuð og í hefðbundnum íþróttatíma fyrir utan það að færri nemendur eru í kennslustundum og ákefðin meiri. Fyrir áhugasama verður lögð áhersla á undirbúning fyrir Skólahreysti. Kennslan er að nánast öllu leyti verkleg og fer mestmegnis fram í íþróttahúsi Kársnesskóla.

**Markmið** eru að nemendur:

- auki þekkingu sína og færni í íþróttum.
- bæti þol, styrk, liðleika og samhæfingu.

**Námsmat:** ástundun og mat í lok hverrar kennslustundar.



## Textíll



1 klst

Hér fá nemendur tækifæri til að kynna hönnunarferli leirlistar þegar þeir hanna og búa til sitt verk úr steinleir.

**Markmið** eru að nemendur:

- fái tækifæri til sköpunar.
- fylgi ferlinu frá hugmynd að verki.
- æfi tækni og verklega hæfni.

**Námsmat:** ástundun, virkni og verkefni.

## Notað og nýtt

2 klst



Endurnýting. Nemandi vinnur nytjahlut eða flík úr notuðum textíl. Nemandi gerir prufur úr nokkrum ólíkum efnum í saumavél. Efnisval, farið í verslun Rauða krossins eða annan nytjamarkað, valin flík eða annar textíll til að endurnýta. Einnig hægt að velja flík,-teppi, tösku að heima til að endurnýta. Nemandi vinnur ferlið frá hugmynd að nýrri flík eða nytjahlut, púða, tösku annað. Teiknar upp hugmynd, útbýr snið og vinnur lokaafurð úr áður fundnu efnisvali.

**Markmið** eru að nemendur:

- læri að setja sér markmið og fylgja eftir því ferli sem hann setur upp í verkefni.
- geri sér grein fyrir endurnýtingu textíls og annarra efna og mikilvægi þess að nýta hluti í því þjóðfélagi sem við byggjum.
- læri að umgangast og nýta áhöld textílstofu.

**Námsmat:** ástundun, virkni, umgengni, ferlið í verkefnavinnu og lokaafurð.

## MK - Verklegrar matvælagreinar



3 klst

### Kenndur á vorönn.

Í áfanganum fá nemendur innsýn í samningsbundnar faggreinar í matvælageiranum þ.e. bakstur, framreiðslu og matreiðslu. Nemendur fá leigða vinnubúninga sér að kostnaðarlausu. Miðað er við að þeir nemendur sem fá að velja þennan áfanga hafi færni til að vinna sjálfstætt og hafi sjálfsaga til þess að umgangast verkfæri í eldhúsum af varfærni.

**Kennsla fer fram í MK á  
fimmtudögum frá kl. 13 – 16:30**

## Myndlist

1 klst



Unnið verður með sköpun, innblástur og óhefðbundinn efnivið. Nemendur nýta eigin áhugasvið til sköpunar og skapa eigin listaverk.

**Markmið** eru að nemendur:

- fái tækifæri til að vinna að sínum hugmyndum í margvíslegan efnivið.
- læri að fylgja ferlinu frá hugmynd til endanlegrar útfærslu.
- tileinki sér tækni og verklega hæfni og þjálf tilfinningu fyrir litum, línum og formum.
- þjálf sjálfstæð vinnubrögð.

**Námsmat:** ástundun, virkni, ferlið í verkefnavinnu og lokaafurð.

## Sálfræði

1 klst

Markmiðið er að kynna sálfræði sem vísindagrein fyrir nemendum og að nemendur fái innsýn í þroskasálfræði, persónuleikasálfræði og algengar raskanir. Þá ætti námið að vera góður grunnur fyrir framhaldsnám í félagsvísindum.

**Markmið** eru að nemendur:

- kynnist og geti beitt helstu hugtökum sálfræðinnar.

**Námsmat:** ástundun, virkni og verkefni.

## Skólakór Kársness



2 klst – allan veturinn

Skólakór Kársness hefur getið sér gott orð í gegnum tíðina innanlands sem erlendis. Kórinn er fyrir alla hressa unglunga sem vilja taka þátt í metnaðarfullu söngstarfi og eru tilbúnir að taka þátt í öllum verkefnum hans, stórum sem smáum. Kóræfingar verða á skólatíma en það geta bæst við aukaæfingar utan skólatíma vegna aukaverkefna.

Lykillinn að velgengni kórastarfs eru virkir og jákvæðir kórmeðlimir. Því skiptir mæting og ástundun höfuðmáli.

**Markmið** eru að nemandi geti:

- sungið einradda og fjölradda lög.
- sýnt ábyrgð í vinnubrögðum.
- mæti undirbúinn til leiks.
- unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum.
- lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi.
- tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.

**Námsmat:** Ástundun og ábyrgð á eigin framlagi til kórastarfsins.

Hæfni í samvinnu og samskiptum við aðra kórmeðlimi.

## Skrautskrift



1 klst

Kennd verður gotnesk skrautskrift með skrautskriftarpenna/tússpenna með breiðum oddi. Nemendur læra skrautskriftina staf fyrir staf og kennt verður að flúra og skreyta.

**Markmið** eru að nemendur:

- læri gotneskt letur og nái valdi á skrautskriftarpenna með breiðum oddi.
- kynnist ýmsum möguleikum skrautskriftar og læri að flúra og skreyta.

**Námsmat:** ástundun og beiting helstu tækni og mat nemenda á eigin verkum og skilningur á vönduðum vinnubrögðum.

**Stærðfræði -algebra**  
**(framhaldsskólaundirbúningur)**

**1 klst**

Hér gefst nemendum kostur á að dýpka og auka þekkingu sína á námsþáttum 10. bekkjar, og þannig undirbúa sig enn betur fyrir framhaldsnám.

Námsefni 10. bekkinga liggur til grundvallar en nálgunin verður önnur en í hefðbundnum stærðfræðitímum

**Markmið** eru að nemendur:

- dýpki þekkingu sína í stærðfræði.
- geti beitt fleiri en einni aðferð við sama viðfangsefni.  
efli færni sína við að leysa stærðfræðiverkefni.

**Námsmat:** ástundun, virkni og verkefni.



## Textíl



1 klst

Í textíl fá nemendur að láta sköpunargleðina ráða för – og vinna með þrjóna, heklunálar, saumnálar og/ eða saumavélar, allt eftir áhuga og getu. Lögð er áhersla á að njóta slökunar sem handverkið veitir og auka við þá kunnáttu sem fyrir er.

Markmið eru að nemendur:

- æfist í mismunandi vinnuaðferðum.
- læri að teikna og útfæra eigin snið/mynstur.
- kunni að lesa uppskriftir á íslensku og vinna eftir þeim.
- læri að njóta handavinnu.
- skapi og ljúki hagnýtu verki.

Námsmat: ástundun, virkni, sjálfstæði og verkefni.

## Verk – og listgreinaval Tækniskólans

3 klst



Nemendur kynnast ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynnt eru í lotukerfi þar sem hvern nemandi velur þrjú af eftirfarandi viðfangsefnum:

1. Hönnun og nýsköpun (Hfj. og Skólavörðuholt)
2. Tréiðn (Hfj. og Skólavörðuholt)
3. Tækniteiknun (Hfj. og Skólavörðuholt)
4. Pípulagnir (Hfj.)
5. Málaraiðn (Skólavörðuholt)
6. Rafiðn (Hfj. og Skólavörðuholt)
7. Málmiðn (Hfj. og Háteigsvegi)
8. Skipstjórn (Háteigsvegi)
9. Forritun og vefsmíði (Hfj. og Skólavörðuholt)
10. Ljósmyndun og vefvinnsla (Skólavörðuholt)
11. Hársnyrting (Skólavörðuholt)
12. Föt og fylgihlutir (Skólavörðuholt).

Nánari lýsing valgreina má lesa hér:

<https://tskoli.is/grunnskolaval/>

**Markmið** eru að nemendur:

- kynnist iðn- og listnámi.
- kynnist möguleikum framhaldsmenntunar.
- kynnist helstu tækjum og tólum, handverki og vinnubrögðum iðn- og listnáms.
- kynnist öryggisatriðum við vinnu á verkstæðum.

**Staður og stund:**

Kennt er á **fimmtudögum kl. 15:20 – 17:20.**

Hver lota er í 6 vikur og hver nemandi fer í 3 lotur af fjórum, sem

Tækniskólinn raðar í:

1. tímabil: 10. sept – 15. okt
2. tímabil: 29. okt – 3. des
3. tímabil: 14. jan – 25. feb
4. tímabil: 4. mars – 15. apr

Kennt er í Tækniskólanum í Hafnarfirði, Skólavörðuholti og Háteigsvegi. **Nemendur koma sér sjálfir á kennslustað.**

**Námsmat:** ástundun, virkni og skýrsla um námið.